



Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYNL3MA05

Kennsluáætlun – Haustönn 2023

Kennari	Ágústa Ragnarsdóttir, agustaragnars@fsu.is
---------	--------------------------------------------------------------------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fengist við módelteikningu. Mannlíkaminn teiknaður frá öllum hliðum í ýmsum stellingum, ýmist líkamspartar eða öll manneskjan. Fyrirmyndirnar eru teikningar, ljósmyndir og lifandi módel. Verkefnum skal skila sem skissum, sem fullnum verkum sem sýna manninn í umhverfi sínu með ýmis konar aðferðum og fullnum verkum þar sem mismunandi stílbrigði frá mismunandi tímabilum og heimshlutum eru áhrifavaldar. Uppsetning og kynning á sýningu á eigin verkum í viðurkenndu rými.

Undanfarar: MYNL1LM05 og MYNL2TK05

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hlutfallaskiptingu mannlíkamans.
- anatómíu mannlíkamans.
- hreyfímöguleikum mannlíkamans.
- Fjarvíddarstyttingum.
- á stílbrigðum og aðferðum.
- hvaða aðferðir hann vill nota (mega vera fleiri en ein).
- hvaða stílbrigði hann vill nota (mega vera fleiri en eitt).
- hvernig á að setja tilfinningar og hugtök í myndbygginguna með formnotkun.
- Sýningaruppsetningu og kynningu

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikningu mannlíkamans.
- nýta sér öll þau verkfæri til að ná réttum hlutföllum, styttingum og anatómíu.

- nota ákveðin stílbrigði sem hann hefur valið sjálfur.
- nota áveðnar aðferðir sem hann hefur valið sjálfur.
- útskýra og rökstyðja val sitt á aðferðum og stíl.
- útskýra og rökstyðja merkingu verksins.
- Setja upp og kynna sýningu

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- túlka manninn í umhverfi sínu (abstrakt/raunsætt og í fleiri stílum).
- kalla fram þá tilfinningu sem hann æskir í verkið.
- gera sér grein fyrir í hvaða efnivið hann vill vinna sem og stíl.
- geta sýnt og kynnt verk sín

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlög, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Útskýringar og mynddæmi á INNU og Facebook undir FSu myndlist, nýsköpun og miðlun. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

Sérreglur myndlistar:

SKIL OG SKILAFRESTUR:

- **Skila þarf öllum fyrirsettum verkefnum annarinnar, þar með töldu fullunnu og stöðnu lokaverkefni sem og stuttum greinargerðum með verkefnum 3, 4 og 5 og fá 5 í lokaeinkun til að eiga möguleika á að standast áfangann.**
- **Sein skil: Dregið er niður fyrir sein skil verkefna um 0,5 pr. dag. Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærra en 5 fyrir verkefni. Mikilvægt að nemandi sé í góðu sambandi við kennara sinn ef hann er að lenda í skilavandræðum.**
- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt. Þeir bera ábyrgð á sínum gögnum.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting. Verkefni má skila aftur ef nemandi vill bæta það.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
34-37	21. ág. - 15. sept.	<ul style="list-style-type: none"> - Kynning á áfanga - Mappa - Skissuvinna 	Verkefni 1 Verkefni 2 (skilast í þremur hlutum)

38-40	18. sept. - 6. okt.	- Fullunnið verk eftir eigin hugmyndum	Verkefni 3
41-43	9.-27. okt.	- Fullunnið verk með vísun í listasöguna	Verkefni 4
44-49	30. okt. - 6. des.	- Lokaverkefni	Verkefni 5

Verkefni, vægi, tímarammi, innlagnir og skil

- Mappa 5% **Innlögn 21. ágúst - Skil: 24. ágúst**
- Skissur og lifandi módel 30% **Innlagnir: Jafnt og þétt í tímum þann 24., 28. og 31. ágúst.** Eftir það er lifandi módel. **Skil: 1. sept., 8. sept., 15. sept.**
- Fullgert verk byggt á eigin hugmynd 15 % **Innlögn: 18. sept. - Skil: 8. okt.**
- Fullgertverk byggt á tilvísun í listasöguna 15% **Innlögn: 9. okt. - Skil: 5. nóv.**
- Lokaverkefni 25% **Innlögn: 6. nóv. - Skil: 6. des.**
- Sýning 10% **Skil á plakötum og merkingum í síðasta lagi 6. des.**
Áætluð sýningar uppsetning um miðjan febrúar

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Merking, leturvinna, myndbygging og leikur blindteikningar	5%
Skissur	Fjölbreyttar aðferðir, fjöldi skissa, vinnusemi og virkni, skýrleiki, sjálfstæð vinnubrögð, tileinkun, mæting í lifandi módel	30%
Verk byggt á eigin hugmynd	Bakgrunnur, nýting skissa, nálgun og framsetning, myndbygging, flækjustig, heildarútkoma, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð. Greinargerð.	15%
Verk byggt á tilvísun í listasöguna	Stílbrigði, listasögutenging, nýting skissa, nálgun og framsetning, myndbygging, flækjustig, heildarútkoma, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð. Greinargerð.	15%
Lokaverkefni	Fjöldi rökstuddra stíla/tímabila, fjöldi mannvera eftir eigin skissum, myndbygging, litameðferð, flækjustig, tileinkun, heildarútkoma, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð. Greinargerð.	25%

Sýning	Framsetning auglýsingar í máli og myndum, merkingar sýningarverka, vinnusemi og virkni, sjálfstæð vinnubrögð	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

16. ágúst 2023